3. gr.

**Merking opinna skemmtibáta.**

3.1. Skemmtibátar skulu merktir skráningarnúmeri og bókstafnum S fyrir aftan það, á bóginn beggja megin. Hæð stafanna skal vera 10 cm að minnsta kosti. Skulu þeir vera svartir á ljósum grunni eða hvítir á dökkum grunni.

3.2. Siglingamálastjóri úthlutar númerunum og skulu þau fylgja sama bát æfiskeið hans.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 16. júní 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 240. 13. júní 1978.

# SAMÞYKKT

## um forkaupsrétt Hveragerðishrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Hveragerðishrepps gert eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Hveragerðishrepps samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og lögum nr. 19/1964 að áskilja Hveragerðishreppi forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Hveragerðishreppi:

Bláskógar 3, 6, 7, 9 og 16.
Breiðumörk 3, 7, 10, 13 og 16.
Frumskógar 2, 3, 11 og 13.
Heiðmörk 38A, 38B, 40, 42, 44, 46, 48, 51, 52, 56, 58, 60 og 62.
Hverahlíð 7, 9, 10, 12 og 14.
Hveramörk 7.
Laufskógar 5, 6, 8, 10, 12, 14 og 29.
Varmahlíð 39.
Eignarlóð Guðmundar Sigurgeirssonar, Þelamörk 40—42.
Eignarlóð Svanborgar A. Jónsdóttur, úr landi Silla og Valda.
Lóð d. b. Guðsteins Eyjólfssonar úr landi Akurs, samkv. afsali 23. okt. 1943 og 30. nóv. 1944.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1978.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*